

Ed.

652. Nefndarálit

um tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913.

Út af 9. athugasemd við landsreikninginn fyrir árið 1913 hafa endurskoðunarmennirnir lagt til, að vextir þeir, er safnast hafa á umliðnum árum af póstávisanafje, meðan það hefir eigi komið til útborgunar, yrðu lagðir inn í landssjóð. Nefndin í neðri deild hefir að vísu fallist á þetta, en hefir þó eigi viljað taka upp tillögu um það, en vjer sjáum eigi ástæðu til að sleppa því. Hjer er um töluvert fje að ræða, sem landssjóður hefir lága vexti af.

Vjer erum samdóma nefndinni í neðri deild um tillögu endurskoðunarmanna út af 11. athugasemd við landsreikninginn fyrir árið 1913, og berum því tillögu upp um, að reikningur landssímastjórans taki yfir tekjur og gjöld allra simanna ár hvert.

Ennfremur erum vjer samdóma nefndinni í neðri deild um, að dagpeningar starfsmanna landsins þurfi ekki að vera hærri en 5 krónur á dag auk ferðakostnaðar.

Að því er 4. tillöguna snertir, þykir oss heppilegra, að ákveðið sje, hve fjölmennar nefndirnar ættu að vera, og þykir oss nóg, að í hvorri sjeu 3 menn. Ennfremur er þess að gæta, að á bændaskólunum hafa einstakir menn tekið búin á leigu, og reka þau fyrir sinn eigin reikning, í stað þess að þau voru áður

rekin fyrir reikning búnaðarskólanna. Fyrir þessa skuld þykir oss nægja, að eftirlitið fari fram árlega, og leggjum til að orðalagi tillögunnar sje nokkuð breytt.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að framan við tillögurnar bætist 2 nýjar tillögur svohljóðandi:

1. Að vextir af póstávisanafje, er safnast hefir í sparisjóðsbók hjá Stjórnarráðinu, verði greiddir inn í landssjóð.
2. Að sjá um, að símareikningur landssímastjórans taki yfir tekjur og gjöld allra síma landsins ár hvert.

Ennfremur gerum vjer þessar breytingartillögur:

1. 4. tillagan orðist svo:
Að eftirliti með bændaskólum verði hagað þannig, að skipaðar sjeu tvær þriggja manna nefndir til að athuga árlega allar framkvæmdir og búnaðarháttu á hvorum skóla.
2. Við 5. tillögu að fyrir: »6 krónur á dag, sem virðist nægilega hátt« komi: 5 krónur á dag.

Tölurnar á tillögunum fari eftir atkvæðagreiðslunni.

Efri deild Alþingis 30. ág. 1915.

Björn Þorláksson,
formaður og framsögum.

Eiríkur Briem,
skrifari.

Guðm. Ólafsson.